

Erlend samskipti



Jón Snædal

ÞAÐ ÞARF EKKI að skýra út fyrir læknum mikilvægi erlendar samvinnu þegar höfð er í huga sú staðreynd að meginþorri þeirra sem útskrifast úr læknaeild fer utan til framhaldsþjálfunar og náms. Læknafélag Íslands hefur margvísleg tengsl við erlend samtök lækna og þau tengsl þarf sífellt að endurskoða. Á hvaða fundi á að senda fulltrúa? Er hægt að fá lækna sem eru búsettir erlendis til að fara á fundi fyrir félagið? Er hægt að nota netið í staðinn? Mikilvægt er að vakandi umfjöllun sé um samskiptin, hvernig þau eru útfærð og hvernig þau koma félagsmönnum til góða.

Læknafélag Íslands hefur regluleg og formleg samskipti við læknafélög annarra Norðurlanda (Norræna læknaráðið), er aðili að sambandi Evrópskra læknafélaga (CPME) og aðili að alþjóðafélagi lækna (WMA). Auk þess skipar stjórn LÍ fulltrúa félagsins á fundi Evrópusambands sérfræðifélaga (UEMS), heimilislækna (UEMO) og unglækna (PGW) samkvæmt tilnefningum frá viðkomandi félögum hér á landi. Þessi listi er alls ekki tæmandi því einstaka nefndir félagsins eða félög lækna geta verið í erlendri samvinnu, svo sem Siðfræðinefnd og Læknablaðið, að ógleymdum fjölmörgum sérgreinafélögum. Erlend samskipti LÍ eru því víðtæk og í seinni tíð hefur þeim verið vel sinnt með þátttöku í flestum fundum þessara samtaka. Það hefur einnig orðið sú breyting að í stað þess að nýta sér lækna búsetta erlendis til fundarsetu í sparnaðarskyni hefur verið skipaður fulltrúi frá Íslandi sem sinnir hverju sambandi fyrir sig. Kostnaðurinn er þá eitthvað hærri, en á móti kemur að tengslin hérna heima eru nánari. Reynslan af íslenskum læknum erlendis hefur þó verið góð að því leyti að undantekningarlítið berast vandaðar skýrslur eftir fundi en þeir hafa eðlilega ekki þau tengsl heima sem þarf. Sérstök utanríkisnefnd hefur verið skipuð þar sem fulltrúar LÍ hjá erlendum samtökum hittast og ræða sameiginleg mál. Hugmyndin er einnig að nefndin skoði að hvaða leyti sömu mál eru til umfjöllunar í mismunandi erlendum samböndum og hvernig þeim er best skilað til íslenskra lækna. Það skilur þó okkur frá öðrum félögum að í flestum erlendum læknafélögum sinna lækna sem starfa á skrifstofum félaganna samskiptunum en hér er þessu skipt á sjálfbóðaliða sem eru jafnan í fullu starfi sem lækna.

Það verður seint metið í krónum og aurum hverju þetta skilar en óbeinn ávinningur er ótvíræður. Nefna má tvennt. Annað er það sem íslenskir fulltrúar fá áorkað erlendis og hitt er hvernig málefnið sem rædd eru skila sér til lækna á Íslandi. Sem dæmi um verk-

efni íslenskra lækna, fulltrúa LÍ erlendis, má nefna að Katrín Fjeldsted er endurskoðandi (internal revisor) sambands evrópskra læknafélaganna, CPME, og hefur stjórnad verkefni innan nefndar sem skoðar ýmsar hliðar forvarna. Steinunn Jónsdóttir hefur verið formaður nefndar innan heimilislæknasamtakanna, UEMO, sem sinnir forvörnum og undirritaður sem situr í stjórn WMA sem fulltrúi LÍ og norrænu læknafélaganna er formaður siðfræðinefndar samtakanna. Meðal málefna sem eru „innflutt“ í gegnum þessi samskipti má nefna þrjú sem hafa verið til umræðu innan erlendra læknasamtaka. Eitt er símenntun lækna sem nú er til sérstakrar úrvinnslu innan LÍ undir stjórn Arnórs Víkingssonar, fulltrúa okkar hjá UEMS, en innan þeirra samtaka er einmitt mikil umræða um þetta mál. Fyrir fáeinum misserum lagði Norræna læknaráðið vinnu í sameiginlega ítarlega yfirlýsingu um símenntun og verður hana að finna á heimasíðu LÍ nú í haust. Annað málefni er öryggi sjúklinga sem formaður danska læknafélagsins flutti erindi um á síðasta aðalfundi okkar og síðar í haust á aðalfundi WMA og eru öryggismálin nú til sérstakrar skoðunar af hálfu stjórnar LÍ. Þriðja málefnið sem nefna má eru rafræn samskipti lækna og sjúklinga. CPME hefur verið unnið vandað álit á þessum nútímasamskiptaháttum og hefur Siðfræðiráðið verið fengið það verkefni að skoða þetta mál í íslenskum veruleika.

Það gerist sjaldnar að mál eigi upphaf sitt hér á landi og fái síðan umfjöllun erlendis en þar má helst nefna gagnagrunnmálið. LÍ kynnti það á sínum tíma innan stjórnar Norræna læknaráðsins og síðar innan WMA. Samtökin unnu í þrjú ár að yfirlýsingu um siðfræðileg álitamál við gerð og úrvinnslu gagnagrunna með heilbrigðisupplýsingum og var hún að lokum samþykkt á síðasta ári. Yfirlýsingin hefur miklu víðari skírskotun en grunnurinn sem rætt var um hér á landi en málefnið átti ótvírætt uppruna sinn á Íslandi.

Á næsta ári verða tveir fundir þessara erlendu læknasamtaka hér á landi. Í maí ráðgerir UEMO að hafa vorkund sinn í Reykjavík en þegar þetta er skrifað hefur það ekki verið staðfest. Í júní verður Norræna læknaráðið með fund á Akureyri sem stjórnir norrænu félaganna fimm sækja, eða alls um 70 manns.

Erlend samskipti Læknafélags Íslands og aðildarfélaga þess eru þannig blómleg og það er mat undirritaðs (sem ekki er alveg hlutlaus í málinu) að félagið sé bæði gefandi og þiggjandi í þeim samskiptum eins og vera ber.

Höfundur er varaformaður Læknafélags Íslands.

Sjónarmið þau er fram koma í pistlunum Af sjónarhóli stjórnar eru höfundar hverju sinni og ber ekki að taka sem samþykktir stjórnar LÍ.